

## 9. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 08.11 2018, kl. 19:30

*Mætt:* Lárus Heiðarsson (varaoddviti/LH), Jóhann F. Þórhallsson (JFB), Anna Jóna Árnarsdóttir (AJÁ), Eiríkur J. Kjerúlf (EJK) og Gunnar Gunnarsson (GG), varamaður í stað Gunnþórunnar Ingólfsdóttur, oddvita.

### **1. Tilboð í gistihús og tjaldsvæði við Végarð**

Á fundi hreppsnefndar 30.10.2018 var samþykkt að Lárus Heiðarsson, varaoddviti gengi fyrir hönd hreppsins við viðræðna við Guðbjörg Pálsdóttur og Hörð Guðmundsson um leigu á gistihúsum og tjaldsvæði við Végarð þar sem þau buðu hæst eftir auglýsingu.

Í upphafi fundar var farið yfir fyrirliggjandi gögn: tilboð, auglýsingu og nógildandi samning við leigutaka. GG spurði út í heildarrekstrarkostnað húsanna síðustu fimm ár þar sem tekið væri tillit til rekstrarkostnaðar, viðhalds og afskrifta. Eins spurði hann út í ávöxtun hreppsins af húsunum og möguleikum á að vísitölutengja tilboðin. AJÁ spurði út í sundurliðun rafmagnskostnaðar milli tjaldsvæðis og Végarðs.

Þessar fjárhagsupplýsingar lágu ekki fyrir fundinum.

Klukkan 20:15 komu Hörður og Guðbjörg til fundarins. Eftir að varaoddviti hafði reifað afstöðu hreppsnefndar til samningsviðræðna lögðu Guðbjörg og Hörður fram skriflega yfirlýsingu, dagsetta 6.11.2018 um að þau drægju tilboð sitt til baka. Hörður og Guðbjörg yfirgáfu fundinn klukkan 20:40.

Umræður um stöðuna eftir að hæstbjóðandi dró tilboð sitt til baka, en eitt annað tilboð barst. Einnig farið yfir heimild fundarins til að vinna málið áfram. Enginn gerði athugasemd við boðun fundarins.

Þar sem oddviti er vanhæfur í málinu vegna tengsla við tilboðsgjafa er það í höndum varaoddvita. LH falið að hafa samband við lögfræðing hreppsins um næstu skref og falið að afla fjárhagsupplýsinga um kostnað Fljótsdalshrepps af gistihúsunum og tjaldsvæðinu. Einnig rætt um að fá sérfræðing í ferðapjónustu til að veita hreppsnefnd ráð.

Fundi slitið 21:25

GG ritaði fundargerð

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)